

AUGLÝSING um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 1. áfanga – Móhella 1.

Í samræmi við skipulagslög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 10. ágúst 2021 breytingu á deiliskipulagi Hellnahrauns, 1. áfanga, vegna lóðarinnar Móhella 1. Í breytingunni felst að byggingarreitur lóðarinnar stækkar, innkeyrsla er færð til og bundin byggingarlína dettur út. Málsmeðferð deiliskipulagsbreytingarinnar var samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Suðrhafnar – Óseyrarbraut 26B og 26.

Í samræmi við skipulagslög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 19. maí 2021 breytingu á deiliskipulagi Suðrhafnar vegna lóðanna Óseyrarbraut 26B og 26. Í breytingunni felst að kvöð um að eignarhald á lóðunum sé á einni hendi verði felld niður. Byggingarreitur lóðar nr. 26B verði stækkaður og mörkuð er ný aðkoma inn á þá lóð. Málsmeðferð breytingarinnar var samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Hafnarfirði, 14. september 2021.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Guðrún Guðmundsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 28. september 2021